

**Nd.**

**199. Nefndarálit**

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um þetta mál. Meiri hlutinn vill samþykkja það, LH hefir óbundnar hendur um atkvæði sitt, en MG óskaði að útvega sér

frekari upplýsingar, áður en hann tæki endanlega afstöðu. Til Alþingis hafa nú borizt áskoranir frá 104 íbúum úr Skildinganeslandi um að frumvarpið verði samþykkt, og er því ekki lengur þeirri ástæðu til að dreifa, að íbúar þessa svæðis séu á móti sameiningunni við Reykjavík. Hinsvegar mun álit hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps vera óbreytt í þessu máli, og er því ekki um neitt samkomulag fyrirfram að ræða, þó að vænta mætti, að það næðist, er lögin væru samþykkt. Meiri hluti nefndarinnar vill taka til greina óskir íbúa Reykjavíkur og Skildinganes í málinu og viðurkennir nauðsynina fyrir sameiningunni. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

#### BREYTINGU:

Við 3. gr. Eftir 1. málslíð 2. málsgreinar komi eftirfarandi málslíður:  
Nefni annarhvor aðili ekki mann í gerðardóminn, skal hæstiréttur nefna manninn í hans stað.

Alþingi, 16. marz 1931.

Magnús Torfason,  
form.

Héðinn Valdimarsson,  
frsm. og fundaskrifari.

Jón Ólafsson.